

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um
Velferðar- og vinnumarkaðsmál

RÉTTINDI Á VINNUMAKAÐI

Samræming lífeyrisréttinda

Hvað höfum við sagt áður?

Úr stefnumótunarvinnu ASÍ í lífeyrismálum 2010

„Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að **lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verið jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna** sem hafa, óháð ávöxtun sjóðanna á hverjum tíma, launagreiðendaábyrgð á lífeyrisréttindum sínum. Þessi krafa verður enn brýnni nú þegar sjóðir launafólks á almennum markaði þurfa að skerða réttindi lífeyrisþega sinna til þess að rétta stöðu sína, á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhöggðu þrátt fyrir hrun á fjármálamörkuðum.“

Staðan í dag

Engin skref hafa verið stigin í að jafna lífeyrisréttindin. Ýmsar ráðstafanir sem nú er verið að ræða gefa tilefni til hins gagnstæða m.v. óbreyttar forsendur.

Fæðingarorlof

Hvað höfum við sagt áður?

Miðstjórn ASÍ 25. nóvember 2009 (fyrir síðustu skerðingu)

„Miðstjórn ASÍ hefur fjallað um viðbótarsparnaðarkröfu sem gerð er á Fæðingarorlofssjóð vegna ársins 2010 upp á 1,2 milljarða kr. Það er skoðun miðstjórnar að með þessari sparnaðarkröfu sem kemur til viðbótar því sem áður hefur verið ákveðið sé með alvarlegum hætti vegið að því framsækna fæðingarorlofskerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi frá árinu 2000. Fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að vera mikilvægur grundvöllur réttinda barna til að vera samvistum við báða foreldra sinna, aukins jafnréttis á vinnumarkaði og möguleika beggja foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf.“

Staðan í dag

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að fæðingarorlofsgreiðslur taki ekki hækkunum á milli ára og auk þess er „áformað að draga úr útgjöldum sjóðsins um 1.000 m.kr. með sértækum aðhaldsaðgerðum sem geta falið í sér styttingu orlofsréttar, lækkun hámarksgræðslna eða lækkun á hlutfalli útgreiðslu af reiknuðum bótum.“

Starfsendurhæfing

Hvað höfum við sagt áður?

Miðstjórn ASÍ 16. júní 2010

„Réttur til starfsendurhæfingar er mikilvægur liður í að efla og treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði sem lendir í áföllum vegna veikinda og slysa. Um leið er hún stórt hagsmunamál fyrir samfélagið í heild.

Með yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 2008 var gerð mikilvæg sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Markmiðið er að tryggja öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar í kjölfar veikinda eða slysa. Jafnframt var gerð sátt um það hvernig fjármagna ætti þetta mikilvæga verkefni með framlagi allra aðila, þar með talið stjórnvalda.

Framangreind sátt var áréttuð af núverandi ríkisstjórn með stöðugleikasáttmálanum í júní á síðasta ári, þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins samþykktu verulega lækkun og seinkun á framlögum ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Þar var jafnframt ákveðið hvernig staðið yrði að málum til að öllu fólki á vinnumarkaði yrði tryggður réttur til starfsendurhæfingar. Samkvæmt samkomulaginu átti að afgreiða málið á Alþingi fyrir lok síðasta árs. Minna má á að meira en 1/3 félagsmanna ASÍ eru nú án þessara réttinda.“

Staðan í dag

Ekkert liggur fyrir um að stjórnvöld ætli að efna fyrirheit sín frá því í febrúar 2008 eða í stöðugleikasáttmálanum sem tryggir að allir atvinnurekendur greiði í Starfsendurhæfingarsjóð.

Líðan í vinnunni/„lífið í vinnunni“ – réttindi í vinnunni

Hvað höfum við sagt áður?

Ársfundur ASÍ 2005 (fyrir hrun og það álag sem það hefur skapað fyrir launafólk og vinnustaðina)

„Með „lífinu í vinnunni“ er átt við þætti sem hafa áhrif á líðan launafólks í vinnunni. Þeir þættir varða m.a.:

- Umhverfi vinnunnar og vinnustaðinn,
- Vinnan, skipulag vinnunnar og vinnufyrirkomulag,
- Samskipti og félagsleg tengsl á vinnustað.

Markmiðið er að stéttarfélögin og launafólkið sjálf hafi meira um það að segja en nú er, hvernig vinnuaðstæður, vinnustaðurinn og vinnan sjálf og skipulagning hennar þróast og að viðurkennt verði að þessir þættir og áhrif starfsmanna á mótun þeirra varði beint hagsmuni launafólks.

Breytingar í þjóðfélaginu og á vinnuaðstæðum, skipulagi vinnunnar og samfélaginu á vinnustað ... hafa skapað nýjar aðstæður og ný úrlausnarefni.

Markmiðið er góð störf, góðar vinnuaðstæður og gott samfélag á vinnustað. Að launafólk búi við hóflegan vinnutíma, líði vel í vinnunni og á vinnustað, hafi verkefni við hæfi sem unnin eru við góðar aðstæður og að vinnuframlag þess sé metið að verðleikum.“

Réttindi gagnvart stjórnvöldum (dæmi um mál sem ASÍ hefur þegar gert kröfur um/bent á).

- Reglur um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma
- Bætur vegna atvinnusjúkdóma
- Endurskoðun reglna um einelti (og ofbeldi) á vinnustöðum
- Viðhald réttinda og aðilaskipti að fyrirtækjum
- Réttindi starfsmanna í velferðarkerfinu, sem sendir eru til tímabundinna starfa erlendis

Réttindi gagnvart atvinnurekendum (dæmi um mál sem ASÍ eða aðildarfélögin hafa þegar gert kröfur um/bent á).

- Bætur vegna ýmis kostnaðar vegna vinnuslysa (flutningur vegna vinnuslysa/annar kostnaður)
- Skilgreining á vaktavinnu
- Skaðabætur vegna ólögmetra uppsagna
- Laun á ferðalögum

Undir þennan þátt fellur jafnrétti á vinnumarkaði. Tillaga að sérstakri ályktun verður lögð fram í nefndarstarfinu.

Staðan í dag

Sum þeirra mála sem hér hafa verið nefnd eru komin á dagskrá, s.s. eins og tilkynning og skráning atvinnusjúkdóma og endurskoðun á reglugerð um einelti á vinnustöðum. Annað er styttra á veg komið en gæti komist á dagskrá við gerð næstu kjarasamninga.

Málefni atvinnuleitenda

Málefni atvinnuleitenda, bæði réttindi vegna atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða hafa verið viðvarandi viðfangsefni ASÍ eftir hrun, auk þess sem þessi mál voru mikið til umfjöllunar á árunum 2004 – 2006, þegar ný löggjöf var sett um þetta efni. Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur áherslan undanfarið verið tvíþætt:

- Að verja réttindi fólks í atvinnuleysistryggingakerfinu og sníða af því helstu vankanna.
- Að efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumiðlun og tryggja frekari aðkomu og áhrif verkalýðshreyfingarinnar að framkvæmd kerfisins, til hagsótar fyrir launafólk

Mikilvægir þættir í stefnumótun ASÍ var ályktun ársfundar ASÍ 2009 og samþykkt miðstjórnar ASÍ í kjölfarið. Einnig málþing um málefni atvinnuleitenda sem ASÍ stóð fyrir í maí sl.

Hvað höfum við sagt áður?

Ársfundur ASÍ 2009

„Um leið og skotið er traustari stoðum undir íslenskt atvinnulíf til að vinna okkur út úr kreppunni er mikilvægt að efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarúrræði. Þetta á sérstaklega við um þann hóp sem farið hefur verst út úr samdrættinum á vinnumarkaði, ungt fólk, launafólki með litla formlega menntun og þá sem þurfa á endurmenntun og umskólun að halda vegna breytinga í atvinnulífinu. Þar gegnir verkalýðshreyfingin og samstarf aðila vinnumarkaðarins lykilhlutverki. Það er krafa Alþýðusambandsins að stéttafélögin og aðilar vinnumarkaðarins taki í ríkara mæli að sér framkvæmd atvinnuleysistrygginga og virkra vinnumarkaðsaðgerða líkt og gert hefur verið með góðum árangri í menntun á vinnumarkaði og nú síðast í starfsendurhæfingu.“

Miðstjórn ASÍ 10. febrúar 2010

„ASÍ telur mikilvægt að gerðar verði veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða. Megin markmið slíkra breytinga er að auka og efla þjónustu og réttindi þeirra sem missa vinnuna vegna efnahagsþrenginganna. Við núverandi aðstæður reynir verulega á fjárhagslegan styrkleika Atvinnuleysistryggingasjóðs á sama tíma og svigrúm stjórnvalda til þess að fjármagna uppbyggingu virkra vinnumarkaðsaðgerða er lítið. Að sama skapi er mikilvægt að treysta ákveðnar grunnforsendur þess kerfis sem hér hefur verið byggt upp, m.a. að allir á vinnumarkaði eigi rétt á grunnatvinnuleysisbótum sem byggi á samræmdri löggjöf um þennan grunnrétt.“

Málþing ASÍ um málefni atvinnuleitenda 5. maí 2010

Atvinnuleysistryggingar (m.a.):

1. Bótatímabilið verði lengt.
2. Hækkun atvinnuleysisbóta. Almennt/í samræmi við launabreytingar.
3. Frítekjumarkið taki sömu hækkunum.
4. Gerð ákveðin krafa um sveigjanleika verðandi rétt til atvinnuleysisbóta:
 - a. greiðsla atvinnuleysisbóta í skammtímaveikindum
 - b. greiðsla atvinnuleysisbóta vegna stuttra leyfa
 - c. samspil atvinnuleysisbóta og náms
5. Framlengja ber bráðabirgðaákvæðin um hlutabætur (og skerðing bótatímabilsins hlutfölluð) og sjálfstætt starfandi
6. Gerð verði heildarendurskoðun á samspili atvinnuleysisbótakerfisins og námslána-/námsstyrkjakkerfisins.
7. Heimilt verði að semja um hærri bætur/lengra tímabil tekjutengingar í kjarasamningum án skerðinga.

Vinnumiðlun og virkar vinnumarkaðsaðgerðir (m.a.):

1. Efla vinnumiðlun
2. Bæta upplýsingaflæði milli atvinnuleitenda og VMST
3. Einfalda kerfið og færa þjónustuna nær einstaklingnum.
4. Fjölbreyttari vinnumarkaðsúrræði - leyfa fjölbreytt nám
5. Vinna að því að atvinnurekendur svari atvinnuumsóknum.
6. Færa umsýslu (frá VMST) til stéttarféлага
7. Auka hvata og áherslu á virkni atvinnuleitenda – huga sérstaklega að langtímaatvinnulausum

Einnig var sterk áhersla á að atvinnuleitendur ættu sér málsvara. M.a. var í því sambandi nefndur „umboðsmaður atvinnuleitenda“.

Staðan í dag

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 er ekki gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur taki hækkunum. Þá er gerð krafa um skerðingu atvinnuleysisbóta sem gefi 500 milljón króna sparnað. Þá er gert ráð fyrir að dregin verði saman útgjöld til virkra vinnumarkaðsaðgerða.